

7. gr.

Í stað 2. mgr. komi:

„Hver samningsaðili sem á fulltrúa á ráðstefnu skal hafa eitt atkvæði. Tilmæli, samþykktir og ákvarðanir skal samþykkja með einföldum meirihluta þeirra samningsaðila sem viðstaddir eru og greiða atkvæði nema kveðið sé á um annað í samþykkt þessari.“

Article 7

Paragraph 2 is replaced by the following wording:

“Each of the Contracting Parties represented at a Conference shall have one vote, recommendations, resolutions and decisions being adopted by a simple majority of the Contracting Parties present and voting, unless otherwise provided for in this Convention.”

13. ágúst 1993

Nr. 20

AUGLÝSING**um gildistöku samnings við Slóvakíu um viðskipti
með landbúnaðarafurðir.**

Með orðsendingaskiptum 5. og 12. ágúst 1993 var ákveðið að samningur frá 1. júní 1992 milli Íslands og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins um viðskipti með landbúnaðarafurðir myndi gilda um Slóvakíu, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 23/1992, þar sem samningurinn er birtur, og 3/1993 um bráðabirgðagildistöku samningsins. Orðsendingaskiptin öðluðust gildi 12. ágúst 1993.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. ágúst 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

19. ágúst 1993

Nr. 21

AUGLÝSING**um samning um flutning dæmdra manna.**

Hinn 6. ágúst 1993 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um flutning dæmdra manna sem gerður var í Strassborg 21. mars 1983. Hann var undirritaður fyrir Íslands hönd 19. september 1989 með fyrirvara um fullgildingu. Alþingi hafði með ályktun 6. maí 1993 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Samningurinn öðlast gildi 1. desember 1993 að því er Ísland varðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari. Yfirlýsingar gerðar vegna samningsins eru birtar sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 19. ágúst 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.